

Minnisblað

Varðandi aðgerðir til að efla starfsumhverfi leikskóla

Í greinargerð með fjárhagsáætlun 2018 kemur fram að áætlað er að verja 50 milljónum til að efla enn frekar starfsumhverfi leikskóla í Garðabæ. Þessi aðgerð er liður í því að tryggja starfskjör og starfsánægja í Garðabæ sé á þann veg að litið sé á Garðabæ sem ákjósanlegan vinnustað sem laðar að sér hæft starfsfólk.

Aðgerðin felur í sér

- að styrkja stjórnun m.a. með því að auka stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra
- að hægt sé að greiða starfsmönnum bæði faglærðum og ófaglærðum fyrir að taka að sér aukna ábyrgð og/eða umsjón með tilteknum verkefnum
- að hægt sé að bjóða háskólamenntuðu fólki öðru en leikskólakennurum laun í samræmi við menntun og ábyrgðarsvið
- að tryggja að hægt sé að mæta auknum kostnaði vegna nýrra reglna um styrki til náms í leikskólakennarafræðum
- að hægt sé að greiða fyrir fundi sem falla utan vinnutíma